

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri BRA 301 Rafmagn í bíliðngreinum Ljósakerfi Kennsluáætlun 4. Önn vor 2015	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 1		

Kennari	Bragi Finnbogason	Sk.st.	BFI
----------------	-------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Farið í grundvallaratriði ljósfræði og lýsingartækni. Farið yfir ýmsar gerðir ljóskera og íhluti tengda þeim, prófanir, viðhald og viðgerðir. Raflagnir: val á varbúnaði, leiðara, tengingar, bilanaleit og viðgerðir. Farið yfir reglugerð um ljósabúnað. Unnið að stillingum aðalljóskera í bifreiðum.

Markmið:

Nemandi þekki:

Helstu gerðir ljósgjafa og ljóskera í ökutækjum, virkni þeirra og viðhaldsreglur.

Kröfur reglugerða um ljósabúnað sem skylt er að hafa í ökutækjum svo og ljósabúnað sem leyfilegt er að hafa.

Nemandi geti:

Prófað ljósabúnað og fundið bilanir, gert við bilanir í ljósakerfi og raflögnum. Skipt um ljósgjafa og ljósker ásamt búnaði, stillt aðalljósker og önnur ljósker sem kravist er að séu stillt.

Námsgögn:

Modern Automotive Technology 1. Útg. 2006.

Ritstjóri þýsku útgáfunnar er Rolf Gscheidle, Studiendirektor, Winnenden- Stuttgart.

Rafmagn og rafrásir. Höfundur Ásgeir Þorsteinsson.

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004.

Ljósrit kennara.

Áætlun um yfirferð:

Nemendum kynnt námsefni lotunnar: Farið í grundvallaratriði ljósfræði og lýsingartækni. Farið yfir ýmsar gerðir ljóskera og íhluti tengda þeim, prófanir, viðhald og viðgerðir. Raflagnir: varbúnaður, val á leiðara, tengingar, bilanaleit og viðgerðir. Farið yfir reglugerð um ljósabúnað. Nemendur vinna tvö tímaverkefni. Unnið að stillingu aðalljóskera í bifreiðum. Nemendur vinna verkleg verkefni og skila um það skriflegum upplýsingum og þreyta bóklegt lokapróf. Til að verkefni gildi til lokaéinkunnar verða nemendur að ná að lágmarki 5 á lokaprófi.

Námsmat og vægi námsþátta:

Próf 40%. Verkefni 40%. Ástundun 20%.

Annað:

Einkunn fyrir liðinn ástundun byggist þannig upp hafi nemandi minni viðveru en 90% er hámarks einkunn 5 ef nemandi hefur 79% viðveru eða minna er einkunnin 0. Ef nemandi hefur 100% viðveru en sýnir lítin áhuga á þeim verkefnum sem unnið er að eða vinnur þau ekki að mati kennara lækkar þessi einkunn og getur einnig endað í 0. Sé um veikindi að ræða gilda almennar reglur skólans.

Dagsetning: 05/01/2015

13202 Timlaug
Undirritun kennara

Havaleiur Vilhjálmsson
Undirritun brautarstj., fagsstj eða staðgengils